

Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur sá af Selfossi, sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 10. október 1975 sbr. auglýsingu nr. 483/1975, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 9. apríl 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

G J A L D S K R Á

fyrir heimilishjálp á Húsavík.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta skv. reglugerð um heimilisþjónustu, skal sá er þjónustu nýtur greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við mánaðartekjur þiggjanda og laun starfsfólks heimilisþjónustunnar:

1. taxti kr. 0.00 á tímann
2. taxti kr. 340.00 á tímann
3. taxti kr. 860.00 á tímann
4. taxti kr. 1 370.00 á tímann

2. gr.

Ákvörðun um taxa skal tekin eftir viðmiðun við mánaðartekjur þiggjanda og skal þá tekið tillit til hvort um er að ræða einstakling, hjón eða sambýlisfólk. Heimilt er að víkja frá gjaldskránni, ef um sérstakar ástæður er að ræða.

Taxti fyrir einstaklinga:

1. Tekjur undir kr. 102.000.00
2. Tekjur milli kr. 102 001.00 og 156 000.00
3. Tekjur milli kr. 156 001.00 og 210 000.00
4. Tekjur yfir kr. 210 000.00

Taxti fyrir hjón og sambýlisfólk:

1. Tekjur undir kr. 156 000.00
2. Tekjur milli kr. 156 001.00 og 234 000.00
3. Tekjur milli kr. 234 001.00 og 342 000.00
4. Tekjur yfir kr. 342 000.00

3. gr.

Gjaldstiginn er saminn með viðmiðun við mánaðarlaun starfsfólks heimilisþjónustunnar og er einnig tekið tillit til launatengdra gjalda. Verði breyting á launum starfsfólks ber að breyta gjaldstiganum til samræmis við þær breytingar.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum, sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breytingu á þeim lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. apríl 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.